

Tillagan, uppdráttur og greinargerð, voru til sýnis á skrifstofu Reykdælahrepps í Kjarna, frá og með 16. mars til 17. apríl 2001. Engar athugasemdir bárust. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Húsavík, 31. maí 2001.

Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi Þingeyinga.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Gunnars Jóns Guðmundssonar.

1. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og heitir Minningarsjóður Gunnars Jóns Guðmundssonar.

2. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Þorlákshöfn.

3. gr.

Stofneign sjóðsins er að fjárhæð kr. 540.000. Stofneign má ekki skerða.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að efla forvarnar- og uppbyggingastarf barna og unglinga m.a. með skipulagningu minningamóta í íþróttum og styrkjum til efnilegra einstaklinga í námi og íþróttum. Starfssvæði sjóðsins skal vera Þorlákshöfn og nágrenni.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera skipuð 3 mönnum. Undirbúningsnefnd að stofnun sjóðsins skipar í stjórn sjóðsins við upphaf hans. Óski stjórnarmeðlimur eftir að ganga úr stjórn skal hann tilnefna eftirmann sinn til stjórnar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins tekur allar ákvarðanir um rekstur sjóðsins og hvernig markmiðum hans sé best náð. Í því skyni skal stjórn sjóðsins setja sér sérstakar starfsreglur er kveða nánar á um verkaskiptingu stjórnarmanna og hvernig markmiðum sjóðsins verði best náð.

7. gr.

Rekstur sjóðsins skal vera fjármagnaður með frjálsum framlögum til sjóðsins, tekjum af minningarmótum og öðrum tekjuleiðum sem stjórn sjóðsins ákvarðar hverju sinni. Óheimilt er með öllu að selja eigur sjóðsins nema til þess að kosta rekstur hans. Sjóðurinn mun ekki fara út í útgáfu og sölu á minningarkortum.

Hagnaði af rekstri sjóðsins skal ráðstafa skv. 4. gr. skipulagsskrár þessarar.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera frá 1. janúar til 31. desember.

Endurskoðendur sjóðsins eru Deloitte & Touche hf., Stórhöfða 23, Reykjavík. Reikningar sjóðsins skulu eigi síðar en 30. júní ár hvert sendir ríkisendurskoðun, í samræmi við ákvæði 3. gr. laga nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

9. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi nema með samþykki allra stjórnarmanna.

10. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skal stjórn sjóðsins ráðstafa eignum hans í samræmi við markmið sjóðsins skv. 4. gr. skipulagsskrár þessarar.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi skal staðfest af dómsmálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Framangreint staðfest af stofnanda sjóðsins, Guðmundi Baldurssyni, f.h. fjölskyldu sinnar þann 1. maí 2001.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. maí 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Seltjarnarnesi.

1. gr.

Af hundum á Seltjarnarnesi skal bæjarsjóður Seltjarnarness innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald á Seltjarnarnesi, nr. 531/1999, sbr. 3. gr. hennar.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráning	kr. 4.250
Skráning eftir útrunnin frest, sbr. 1. mgr. 2. gr. samþykktar um hundahald	kr. 6.375
Bráðabirgðaskráning	kr. 2.125

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund	kr. 8.500
------------------	-----------

4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. og 3. gr.